

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 16. nóvember 2018  
Mnr. 2018110046



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Þriðji ársfjórðungur 2018

Niðurstaða annars ársfjórðungs var send Hagstofu Íslands þann 9. nóvember síðastliðinn. Uppgjörrið nú sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á kr. 140 milljónir króna fyrir janúar til október 2018. Fjárhagsáætlun 2018 fyrir sama tímabil sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 38,6 milljónir króna. Á þessu eru nokkrar skýringar sem greint verður frá hér í framhaldinu.

REKSTRARREIKNINGUR	JAN - SEPT 2018				Ársreikningur		
	Þriðji ársfj. 2018	Áætlun 2018 samþykkt mán	[2018/ 2018Á] %	mism. Kr	2017	[2018/ 2017] %	Ársreikningur 2016
<b>Rekstrartekjur</b>							
- Útsvar	-1.523.137.361	-1.492.052.800	2,1%	-31.084.561	-1.868.759.602	-18,5%	-1.763.998.944
- Framlög jöfnunarsjóður	-653.154.981	-634.126.306	3,0%	-19.028.675	-811.575.257	-19,5%	-882.912.328
- Fasteignaskattar	-324.204.460	-326.963.097	-0,8%	2.758.637	-335.081.904	-3,2%	-305.079.037
- Sölutekjur	-101.287.474	-99.144.779	2,2%	-2.142.695	-121.705.223	-16,8%	-120.887.006
- Þjónustutekjur	-530.164.452	-535.188.554	-0,9%	5.024.102	-584.292.221	-9,3%	-557.466.954
- Leyfisgjöld	-23.638.992	-26.034.928	-9,2%	2.395.936	-7.749.958	205,0%	-17.797.318
- Aðrar tekjur	-681.696.019	-670.813.611	1,6%	-10.882.408	-826.068.475	-17,5%	-781.509.497
- Millifærslutekjur	-831.771.222	-816.321.626	1,9%	-15.449.596	-1.220.219.477	-31,8%	-1.290.313.666
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>-4.669.054.961</b>	<b>-4.600.645.701</b>	1,5%	<b>-68.409.260</b>	<b>-5.775.452.117</b>	-19,2%	<b>-5.719.964.750</b>
<b>Rekstrargjöld</b>							
- Laun og launatengd gjöld	1.836.332.437	1.854.524.731	-1,0%	-18.192.294	2.267.586.324	-19,0%	2.091.824.552
- Breyting lífeyrisskuldbindingar	128.869.508	122.531.220	5,2%	6.338.288	275.555.167	-53,2%	211.340.522
- Vörukaup	116.481.627	125.006.134	-6,8%	-8.524.507	135.175.330	-13,8%	115.240.914
- Þjónustukaup	421.419.896	426.332.014	-1,2%	-4.912.118	477.314.966	-11,7%	442.479.776
- Orkukostnaður	106.547.574	109.213.289	-2,4%	-2.665.715	131.472.073	-19,0%	127.411.799
- Viðhaldskostnaður	243.595.303	254.478.793	-4,3%	-10.883.490	300.987.545	-19,1%	237.100.300
- Upplýsingakerfi	40.105.940	37.255.551	7,7%	2.850.389	48.387.490	-17,1%	39.875.827
- Önnur rekstrargjöld	180.510.124	184.838.027	-2,3%	-4.327.903	249.578.474	-27,7%	212.943.746
- Styrkir og annað	160.775.767	173.406.796	-7,3%	-12.631.029	195.043.822	-17,6%	244.136.293
- Skattar og gjöld	75.735.358	74.910.845	1,1%	824.513	79.136.794	-4,3%	74.824.046
- Afskriftir	180.251.589	176.592.269	2,1%	3.659.320	220.007.301	-18,1%	211.735.371
- Millifærslugjöld	838.230.516	824.765.683	1,6%	13.464.833	1.243.534.553	-32,6%	1.296.111.670
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>4.328.855.639</b>	<b>4.363.855.352</b>	-0,8%	<b>-34.999.713</b>	<b>5.623.779.839</b>	-23,0%	<b>5.305.024.816</b>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða</b>	<b>-340.199.322</b>	<b>-236.790.349</b>	43,7%	<b>-103.408.973</b>	<b>-151.672.278</b>	124,3%	<b>-414.939.934</b>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	199.971.040	198.179.422	0,9%	1.791.618	186.419.399	7,3%	189.728.937
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-140.228.282</b>	<b>-38.610.927</b>	263,2%	<b>-101.617.355</b>	<b>34.747.121</b>	-503,6%	<b>-225.210.997</b>

### Rekstrartekjur:

- Útsvar er 31 milljónum króna hærra í lok júní en áætlun gerði ráð fyrir og skýrist það af eftirágreiddu útsvari sem gert var upp af fjársýslunni í lok maí, 60,8 milljónir króna. Líklegt er þó að eitthvað dragi úr þessum jákvæða mismun og áætlun við að útsvarið verði nokkuð nálægt áætlun í lok árs.

- **Framlag jöfnunarsjóðs** er 19 milljónum króna yfir áætlun en það mun að öllum líkum jafnast út þegar líður á árið.
- **Sölutekjur** eru 2 milljónum króna yfir áætlun
  - 02310 Barnavernd er 6,4 milljón króna undir áætlun þar sem þjónusta er áætluð hér en tekjurnar bókast sem aðrar tekjur.
  - 02570 Skammtímavistun er 4,5 milljónum króna yfir áætlun þar sem ekki var áætlað fyrir tekjum vegna aukavistunar.
  - 04 Fræðslumál, fæðisgjöld eru 1,6 milljónum króna yfir áætlun í leikskólum, dægradvöl og mötuneyti GÍ, fleiri börn en var áætlað.
  - 07250 Slökkvitækjaþjónusta er 1 milljón króna yfir áætlun.
  - 41060 Rafmagn, vatn til endursölu er 1 milljón króna undir áætlun.
  - 43010 Selt vatn vatnsveitu er 3 milljón króna yfir áætlun, hugsanlega vegna þess að álestri hefur verið breytt og er nú mánaðarlegur í stað ársfjórðungslega, gæti jafnast þegar líður á árið.
- **Þjónustutekjur** eru 5 milljónum króna undir áætlun
  - 04 Fræðslumál, vistgjöld eru 2,8 milljónum króna yfir áætlun sem má rekja til fjölgun barna á leikskólum og dægradvöl.
  - 41 Hafnarsjóður, 6,4 milljón króna undir áætlun í þjónustutekjum, en almenn hafnargjöld eru 7,5 milljón króna undir áætlun.
- **Aðrar tekjur** eru 10 milljónum króna yfir áætlun
  - 02120 Móttaka flóttamanna er 2 milljónum króna yfir áætlun vegna húsaleigutekna sem ekki voru áætlaðar, bókast kostnaður á móti.
  - 02590 Önnur þj.fatlaðra BsVest, 6,4 milljón króna undir áætlun, endurgreiðslurnar lægri en var áætlað. Leiðréttist þegar líður á árið.
  - 02310 Barnavernd, er 8,8 milljónum króna yfir áætlun þar sem tekjurnar voru áætlaðar sem sölutekjur. Þetta er vegna endurgreiðslna sveitarfélaga.
  - 04210 GÍ 2,7 milljón króna umfram áætlun í endurgreiðslum, en þetta er á móti auknum launakostnaði vegna námsleyfa.
  - 05210 Safnahúsið, 2,5 milljón króna yfir áætlun vegna aukninga styrkja og gjafa.
  - 09220 Aðalsskipulag, 1,7 milljón króna undir áætlun, tekjur v. endurgreiðslna úr skipulagssjóði eiga eftir að skila sér m.v. að farið verði í breytingar á aðalskipulagi.
  - 13 Atvinnumál, 10,2 milljón króna umfram áætlun vegna styrks vegna lýðháskólans 7 milljónir króna sem er með kostnað á móti sem ekki var heldur áætlað fyrir.
  - 21 sameiginlegur kostnaður, 4,3 milljónum króna umfram áætlun, styrkur frá fjarskiptasjóði 9,1 milljón króna, sem ekki var áætlaður en hann er á móti kostnaði við Ísland ljóstengt sem var einnig umfram áætlun.

- **Millifærslutekjur** eru 15,4 milljónum króna yfir áætlun sem er vegna þess að mf. afnot í formi styrkja hjá Íþróttahúsinu Torfnesi er 22,5 milljón króna undir áætlun en á móti eru rekstrartekjur þjónustumiðstöðvar 13,3 milljón króna yfir áætlun þar sem það vantar áætlun á lykil v. mf. vélavinna til eigin nota. Sameiginlegur kostnaður er 5,4 milljón króna umfram áætlun vegna vanáætlaðra millifærslu tekna frá BV og Fastís.

## Rekstargjöld

- **Laun og launatengd gjöld** eru 18,2 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Sjá nánar í minnisblaði um skatttekjur og laun fyrir janúar til október 2018.
- **Breyting lífeyrisskuldbindinga** er 6,3 milljónum króna hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæða þess er sú að júlí reikningurinn frá LSR er gefinn út í lok júní, kr. 5,2 milljón króna og því lotunin röng. Passað verður betur upp á lotunina framvegis.
- **Vörukaup** eru 8,5 milljónum króna undir áætlun og eru 5,5 milljónir vegna 05 Hreinlætismála þar sem ekki hefur borist reikningur vegna tunna undri lífrænt sorp. Einnig á Grunnskólinn á Ísafirði eftir að klára kaup á húsgögnum og er 3,6 milljónum króna undir áætlun.
- **Þjónustukaup** eru 4,9 milljónum króna hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.
  - 02120 Móttaka flóttamanna er 25 milljónum króna undir áætlun. M.a. bárust reikningar seint frá Fræðslumiðstöð vegna þjónustu og Rauða Krossi vegna þátttöku Ísafjarðarbæjar í sameiginlegu stöðugildi þessara aðila. Líttill kostnaður fellur til á sumrin en vex fljótlega eftir að skóla og annað vetrarstarf byrjar. Jafnframt mun ýmiss kostnaður sem áætlaður er útúr verkefninu dragast fram á vorið í stað þess að stöðvast í febrúar eins og gert var ráð fyrir.
  - 04110 Eyrarskjól er 7,1 milljónum króna yfir áætlun.
  - 21 Sameiginlegur kostnaður er 13,2 milljón króna yfir áætlun og er aðallega vegna Ísland ljóstengt en styrkur fékkst á móti þeim kostnaði upp á 9,1 milljón króna.
- **Viðhaldskostnaður** er 10,9 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir, mun jafnast út þegar líður á árið.
- **Önnur rekstrargjöld** eru 4,3 milljónum króna undir áætlun, mun jafnast út þegar líður á árið.
- **Styrkir og annað** eru 12,6 milljónum króna lægri en áætlun gerði ráð fyrir, mun jafnast út þegar líður á árið en m.a. er 15,5 milljón króna framlag til Byggðasafns Vestfjarða óbókað á 05 en það er núna fært sem framlag til B hluta stofnana á 20700 framlög.
- **Afskriftir** eru 3,6 milljónir króna hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Eignasjóður er þar 0,9 milljónir króna yfir áætlun og þjónustumiðstöð 2,2 milljón króna yfir áætlun.
- **Millifærslugjöld** eru 13,5 milljónum króna fram úr áætlun
  - **06 Æskulýðs og íþróttamál**, 16,7 milljónum króna undir áætlun vegna lægri afnota.
  - **10 Umferðar- og öryggismál**, 6 milljónum króna yfir áætlun vegna snjósmoksturs.

- **11 Umhverfismál**, 4,4 milljónum króna yfir áætlun v. opin svæði og umhirða gatna
- **20 Framlög**, 15,5 milljónum króna fram úr áætlun vegna Byggðasafn Vestfjarða, er áætlað á 05.
- **33 Þjónustumiðstöð**, 3,7 milljónum króna fram úr áætlun vegna vinnuvéla og bifreiða

### **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru 1,8 milljónum króna yfir áætlun.